

Veiting Evrópumerkisins



Gísli B. Heimisson, Hilda Torres, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis, Kristín I. Jónsdóttir og Eygló Eyjólfsdóttir og María Þ. Gunnlaugsdóttir frá menntamálaráðuneyti

Evrópumerkið (European Label), viðurkenning framkvæmdastjórnar [Evrópusambandsins](#) (ESB) og [menntamálaráðuneytis](#) fyrir nýbreytniverkefni í tungumálakennslu og tungumálanámi, var veitt í fimmta sinn á Íslandi á [Evrópskum tungumáladegi](#) hinn 26. september síðastliðinn. Veiting viðurkenningarinnar fór fram á [málþingi](#) sem menntamálaráðuneytið gekkst fyrir

og haldið var í [Norræna húsinu](#) í tilefni tungumáladagsins.

Evrópumerkinu er ætlað að beina athygli að frumlegum og árangursríkum verkefnum í kennslu og námi erlendra tungumála og hvetja til þess að aðferðir sem þar er beitt nýtist sem flestum. Lögð er áhersla á að verkefni feli í sér nýbreytni sem aðrir geti lært af og að þau séu liður í símenntun einstaklingsins.

Í hverju þátttökulandi starfar innlend dómnefnd sem metur umsóknir út frá sérstökum samevrópskum viðmiðum og ákveður hvaða verkefni skuli hljóta Evrópumerkið. Auk þess gera reglur ESB ráð fyrir að kallaður sé til einn erlendur dómnefndarfulltrúi til að vinna með innlendri dómnefnd við lokamat á umsóknum.

Átta umsóknir bárust um Evrópumerkið í ár. Það verkefni sem hlýtur viðurkenninguna að þessu sinni ber

heitið [Samstarfsverkefni í spænsku og tölvu- og upplýsingatækni : sambætting námsgreina](#). Verkefnið er unnið í samvinnu þriggja kennara við [Verzlunarskóla Íslands](#), þeirra Hildu Torres spænskukennara, Gísla B. Heimissonar og Kristínar I. Jónsdóttur kennara í tölvu- og upplýsingatækni.



Framtíð safna Hvert stefnum við?

Hinn árlegi farskóli safnanna var haldinn í 17. sinn dagana 21. og 23. september. Farskólinn er mikilvægur vettvangur safnaumræðu og endurmenntunar starfsfólks á söfnum. Að þessu sinni voru það norðanmenn sem stóðu að skipulaginu og buðu [safnmönnum](#) til Dalvíkur og Siglufjarðar. Þemað að þessu sinni var *Framtíð safna – Hvert stefnum við?*



Þátttakendur í farskóla safnanna framan við byggðasafnið Hvol í Dalvíkurbyggð

Teknir voru fyrir meginþættir safnastarfs, heildaruppbygging safnaumhverfis, söfnun og varðveisla, miðlun og sýningar, safnfræðsla, rannsóknir og fjármögnun. Lene Floris, formaður danska safnafélagsins ([Organisationen Danske Museer](#)), sagði frá safnastarfi og skipulagi þess í Danmörku, Wim van der Weide, formaður evrópska safnaráðsins ([European Museum Forum](#)), fjallaði um hlutverk og eðli safna sem

þjónustu- og menntunarstofnana og framtíðarsýn þeirra. Að lokum fjallaði Gísli Sverrir Árnason, kynningarfulltrúi [Þjóðminjasafnsins](#), um tengsl safna og ferðaþjónustu sl. 20 ár. Hann ræddi safnaþróun á landinu, fjölgun safna og sýninga, tengsl safna og menningar-tengdrar ferðaþjónustu og lagði m.a. fram athyglisverða tölfræði máli sínu til stuðnings. Í ljósi þeirrar endurskoðunar sem fer fram á íslenskum safnalögum var fróðlegt að fá fram hvað safnmönnum er efst í huga við uppbyggingu safnastarfs hér á landi.

Námskrárráðstefna

[Menntamálaráðuneyti](#) stóð fyrir norrænni ráðstefnu um námskrármál í Hveragerði dagana 22. og 23. september. Ráðstefnan er árlegur viðburður og er haldin til skiptis á Norðurlöndunum.

Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var *Námskrár á Norðurlöndunum í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi*. Ráðstefnuna sátu sérfræðingar í námskrárgerð frá öllum Norðurlöndum. Rætt var m.a. um áhrif alþjóðlegrar þróunar á námskrár, fjölþjóðleg samanburðarpróf, styttingu náms til stúdentsprófs og gæðakröfur í starfsmenntun. Þá fór fram umræða og gagnkvæm skoðanaskipti um þróun í námskrárgerð á Norðurlöndum.

Nám í nútíð og framtíð Þælt í PISA

Málþing Rannsóknarstofnunar [Kennaraháskóla Íslands](#), hið níunda í röðinni, verður haldið dagana 7. og 8. október næstkomandi. Þar munu íslenskir og erlendir fyrirlesarar m.a. skoða aðferðir og niðurstöður PISA-kannananna í ýmsu ljósi.

Sjónum verður einkum beint að læsi á öllum skólastigum. Í niðurstöðum nýjustu PISA-kannananna, sem gerðar eru á vegum [OECD](#) á námsárangri, var Ísland í 14. sæti í stærðfræði, 21. sæti í lestri og 22. sæti í náttúrufræði.

Kennaraháskóli Íslands heldur málþingið í samvinnu við [menntamálaráðuneyti](#), Félag íslenskra framhaldsskóla, Grunn – samtök skólaskrifstofa, landssamtökin Heimili og skóla, Kennarasamband Íslands, Menntasvið Reykjavíkur og Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands.

Dagská málþingsins, ásamt útdráttum úr fyrirlesturum, er að finna á [vefsíðu málþingsins](#)



